



# Námsmat á mörkum skólastiga

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS



Borgarholtsskóli  
bókmennt • handmennt • siðmennt

# 1 EFNISYFIRLIT

---

2	Markmið verkefnis samkvæmt umsókn.....	2
3	Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði.....	2
3.1	Kynning á verkefninu .....	2
3.2	Könnun á viðhorfum nemenda beggja skólastiga .....	3
3.3	Framhaldsskólahermir .....	3
4	Frávik miðað við áætlun verkefnisins.....	4
5	Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins.....	5
6	Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið: jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu .....	5
7	Mat á verkefninu samkvæmt umsókn .....	6
7.1	Viðhorfskönnun .....	6
7.2	Framhaldsskólahermir .....	8
7.2.1	Umskipti .....	8
7.2.2	Val.....	9
7.2.3	Praktísk mál .....	9
7.2.4	Ígrundun .....	9
8	Niðurstöður verkefnisins.....	9
9	Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.....	10
10	Fylgiskjöl .....	11

Nafn skóla: Borgarholtsskóli - Rimaskóli

Nafn verkefnisins: Námsmat á mörkum skólastiga


Nafn verkefnisstjóra: Anton Már Gylfason/Unnur Gísladóttir/Hrafnhildur I. Halldórsdóttir

## 2 MARKMIÐ VERKEFNIS SAMKVÆMT UMSÓKN

---

Eins og segir í umsókninni til Sprotasjós er markmið verkefnisins að efna til samræðu milli skólastiga um námsmat og námsmatsaðferðir með eftirfarandi að leiðarljósi:

- Aukinn skilningur kennara og annarra starfsmanna á þeirri starfsemi sem fram fer á næsta skólastigi.
- Yfirfærsla nemenda milli skólastiga auðvelduð.
- Dregið úr hættu á brotthvarfi.
- Jákvætt viðhorf og gagnkvæm virðing.



## 3 LEIÐIR SEM VALDAR VORU TIL AÐ NÁ MARKMIÐI

---

Ólíkar leiðir voru farnar til þess að nálgast markmið verkefnisins til þess að mismunandi sjónarmið kæmu fram en jafnframt til þess að ná fram heildrænni sýn. Hér á eftir er að finna þrepaskipt yfirlit yfir þær leiðir sem farnar voru.

### 3.1 KYNNING Á VERKEFNINU

Hugmyndin sem liggur verkefninu til grundvallar er sú forsenda nýrra aðalnámskráa, sem út komu 2011, að tryggja skuli nemendum samfellu í námi sínu.<sup>1</sup> Í samræðum grunn- og framhaldsskólakennara hefur ítrekað komið fram að mikið vanti upp á að nægileg þekking sé

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. *Aðalnámskrá leikskóla 2011*, bls. 10.

til staðar á hvoru skólastigi fyrir sig á högum hins stigsins. Þetta ástand er óásættanlegt þar sem það veldur því að upplýsingagjöf til nemenda verður ábótavant og þeir kunna að gera sér rangar hugmyndir um það sem tekur við eftir útskrift úr grunnskóla. Eins virðast framhaldsskólakennarar ekki hafa nægilega góða tilfinningu fyrir því starfi sem fram fer í grunnskólum og þeim vinnubrögðum sem þar er beitt í námi og kennslu.

Upphaflega var hugmyndin sú að verkefnið yrði þrískipt:

- Fundaröð um námsmat og skil milli skólastiga.
- Fræðsluefni fyrir nemendur um yfirfærslu milli skólastiga.
- Fræðsluefni fyrir kennara í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum um yfirfærslu milli skólastiga.

Það skal fúslega viðurkennt að þær hugmyndir sem lágu til grundvallar í umsókninni voru mjög hráar. Þar sem verkefnið dróst á langinn (eins og gert er grein fyrir annarstaðar í skýrslunni) tóku upphaflegu hugmyndirnar að gerjast og þroskast og varð niðurstaðan að fara nokkuð aðrar leiðir en ætlað var í upphafi.

### 3.2 KÖNNUN Á VIÐHORFUM NEMENDA BEGGJA SKÓLASTIGA

Kannað var viðhorf nemenda með spurningalistum<sup>2</sup> sem annars vegar voru ætlaðir nemendum í grunnskólanum og fjallaði um væntingar og óskir þeirra varðandi veru og flutning þeirra yfir í framhaldsskólann. Hins vegar var um að ræða lista sem var lagður fyrir nemendur á fyrsta ári í framhaldsskóla þar sem spurt var um upplifun þeirra og líðan eftir yfirfærsluna. Svör nemendanna gætu verið góð gögn og gefið góðar vísbendingar við að skapa notalegan skólabrag og gera þeim skólaskiptin auðveldari. 22 stúlkur og 17 drengir svöruðu grunnskólaspurningunum. Niðurstöður sýna að nemendur eru sannarlega með hugann við þessi tímamót og það er margt sem fangar huga þeirra. Af svörum nemendanna má lesa að flest hlakka þau til að hefja nám í framhaldsskóla og telja að í skólanum séu strangari mætingarreglur, ábyrgð þeirra á náminu aukist, prófum fjölgi og heimanám verði meira. Félagslífið er þeim flestum hugleikið og telja að það breytist við yfirfærsluna í framhaldsskóla.

### 3.3 FRAMHALDSSKÓLAHERMIR

Svokallaður „framhaldsskólahermir“ var settur í gang þann 7. apríl 2016. Var tilgangurinn sá að nemendur úr 10. bekk í Rimaskóla, sem er stærsti grunnskólinn í Grafarvogi, kynntust námi og kennslu í framhaldsskóla (Borgarholtsskóla) af eigin raun. Hugmyndin var að þau fengju að koma í „venjulega“ tíma í framhaldsskóla og fengju tækifæri til að taka beinan þátt í því starfi sem fram fór í tímanum. Í lok dags fóru nemendur beggja skólastiga saman í lífsleiknitíma þar sem þeir unnu í samtali með ákveðin þemu að leiðarljósi. Þemun tengdust þeim breytingum sem verða á tilveru nemenda við að skipta um skólastig og voru þau þessi: umskipti – val – praktísk mál – ígrundun. Í lok tímans var efnið tekið saman með það að

---

<sup>2</sup> Sjá fylgiskjal.

markmiði að koma auga á hvaða þættir skipta nemendum mestu máli þegar þau hefja nám í framhaldsskóla.

Eftir að gögn höfðu verið greind með aðferðum fyrirbærafræðinnar voru þau annarsvegar kynnt á bóknámskennarafundi í Borgarholtsskóla (25. apríl 2016) og síðan á fundi kennara á efsta stigi Rimaskóla (17. maí 2016).

Sameiginlegur fundur kennara beggja skóla var svo haldinn í Rimaskóla 17. maí, 2016. Markmið fundarins var að skapa grundvöll til samræðu milli skólastiga. Kennurum var skipt upp eftir greinum með fyrirfram ákveðnum málefnum. Unnið var út frá fjórum til fimm þemum. Efnisþættir voru eftifarandi: Þekking, leikni, hæfni – mismunur/líkindi á mótum skólastiga. Ábyrgð nemenda – mæting, agi, verkefnaskil. Orðræðan – hvaða mynd af aðliggjandi skólastigi draga kennarar upp fyrir nemendum sína? Námsmat og annað.

Haustmisseri 2016 er áætlað að kennarar fundi aftur og að annar framhaldsskólakermir verði undirbúinn.



## 4 FRÁVIK MIÐAÐ VIÐ ÁÆTLUN VERKEFNISINS

Veruleg frávik urðu á framkvæmd verkefnisins. Styrkur til þess var veittur vorið 2013 og hófs vinna við það haustið á eftir með því að fulltrúar beggja skóla kynntu fyrirhugaða framkvæmd þess á fundi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Flensborgarskóla. Á skólaárinu 2013-2014 voru haldnir reglulegir fundir stýrihóps og gerð var könnun á viðhorfum útskriftarnema úr grunnskólanum og nýnema í framhaldsskólanum. Skólaárið á eftir (2014-2015) lá vinna að mestu niðri þar sem ekki vannst tími til að sinna verkefninu þar sem innleiðing nýrra laga um framhaldsskóla og námskrágerð í kjölfar hennar tók allan tíma verkefnisstjóra. Sömu sögu var að segja úr grunnskólanum; þar stóð yfir innleiðing nýrrar námskrár sem gerði það að verkum að ekki reyndist tími til að sinna verkefninu sem hér er til umræðu. Því var í tvígang beðið um frest til að ljúka verkinu sem góðfúslega var veittur.



Síðla hausts 2015 var fenginn nýr verkefnisstjóri að verkinu fyrir hönd BHS, Unnur Gísladóttir. Hún kom inn með nýja sýn á verkið, m.a. reynslu af vinnu við svokallaðan Háskólahermi en hann er tilraunaverkefni sem Háskóli Íslands hefur nú í tvígang boðið útskriftarefnum úr framhaldsskólum að taka þátt í. Unnur hélt utan um verkefnið og lauk framkvæmd þess með sameiginlegum fundi kennara skólastiganna í maí 2016.



## 5 HELSTU HINDRANIR SEM KOMU UPP VIÐ VINNU VERKEFNISINS

---

Eins og áður sagði reyndust helstu hindranir við framkvæmd verkefnisins vera tímaskortur þeirra aðila innan skólanna sem ábyrgð báru á framkvæmd þess. Þó svo að nýjar aðalnámskrár fyrir skólastigin hafi komið út árið 2011 hefur stór hluti vinnunar við framkvæmd þeirra fallið til á síðustu tveimur til þremur árum. Vinnan við innleiðingu þeirra reyndist einfaldlega umfangsmeiri og tímafrekari en nokkurn óraði fyrir.



## 6 HELSTI ÁVINNINGUR AF VINNU VIÐ VERKEFNIÐ: JÁKVÆÐ ATRIÐI SEM FYLGDU Í KJÖLFAR EÐA SAMHLIÐA VERKEFNISVINNU

---

Ávinningurinn af verkefninu hefur orðið töluverður. Fyrst má nefna að nemendur í 10. bekk Rimaskóla sem fengu tækifæri til þess að taka þátt í framhaldsskólaherminum töluðu um jákvæða reynslu og upplifun. Þetta á einnig við um nemendur Borgarholtsskóla á fyrsta ári sem fengu tækifæri til þess að ígrunda reynslu sína og upplifun af því að hefja nám við framhaldsskóla og deila reynslu sinni og þekkingu í samtali við grunnskólanemendurna.

Samtal kennara í grunnskólum og framhaldsskólum er mjög dýrmætt og allt of fátítt. Voru þeir kennarar sem tóku þátt í sameiginlegum fundi í lok verkefnisins sammála um það og lýstu yfir áhuga á að taka þátt í frekari samræðu. Var fólk einnig sammála um jákvætt gildi


Þess að ræða sama um þá umbreytingu sem verður á högum nemenda er þeir flytjast á milli skólastiga, stöðu þeirra gagnvart þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum, mælikvarða á hæfni, einkunnagjöf og -skala og annað það sem áhrif hefur á nemendur á þessu viðkvæma skeiði.




## 7 MAT Á VERKEFNINU SAMKVÆMT UMSÓKN

### 7.1 VIÐHORFSKÖNNUN


Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður könnunar sem gerð var meðal nemenda beggja skólastiga. Ekki er farið út í að greina og túlka niðurstöður könnunarinnar ítarlega enda var hún frekar hugsuð sem grundvöllur umræðna í skólasamfélagunum um hagi nemendahópsins. Þegar á heildina er litið virðist vera ágætur samhljómur á milli niðurstaðna kannananna og rýnihópanna í kjölfar framhaldsskólahermisins.




**BHS: Hvað kom þér mest á óvart þegar þú hófst nám í framhaldsskóla?**  
**Rimaskóli: Hvað finnst þér líklegast að breytist þegar þú ferð í frahaldsskóla?**





**Mat á eigin frammistöðu: Hvað á best við um þig?**



**Líðan í skólanum: Hvað af eftirfarandi á best við um þig?**







## 7.2 FRAMHALDSSKÓLAHERMIR

Það sem heppnaðist einna best við framkvæmd verkefnisins var hinn svokallaði framhaldsskólahermir. Tilraunin var, eins og áður sagði, fólgin í því að nemendur 10. bekkjar heimsóttu BHS og fengu tækifæri til þess að sitja tíma í mismunandi fögum. Hér að neðan er lýst helstu niðurstöðum umræðna sem fram fóru milli nemenda beggja skóla en þær fóru fram í lífsleiknitíma í BHS eftir að nemendur 10. bekkjar höfðu tekið þátt í kennslustundunum sem þau völdu sér.

### 7.2.1 Umskipti

Undir þemanum umskipti var fyrst og fremst verið að leita eftir hvernig nemendur upplifðu að fara milli skólastiga og að nemendur Borgarholtsskóla gætu deilt góðum ráðum. Einnig var leitað eftir upplýsingum um í hverju þessi breyting væri fólgin og hvort einhver sérstök kvíðaefni greindust hjá nemendum.

Nemendur voru almennt jákvæðir og töluðu um aukið sjálfstæði. Það væri „þroskandi“ að breyta um umhverfi. Þau voru meðvituð um að í framhaldsskólanum væri meiri agi, námið væri „stífara“ og tímarnir lengri. Mikilvægi þess að koma vel fyrir var áberandi en kvíði þeirra beindist einna helst að því að vera í nýju umhverfi, hugsanlega fjarri vinum eða „öryggisnetinu“. Hvað breytingar varðar upplifðu þau ekki sama aðhald og í grunnskólanum, en aftur á móti að þau þyrftu að standast kröfur um nám og mætingar.

### 7.2.2 Val

Þegar kom að liðnum val var markmiðið að átta sig á því hvað stýrir vali nemenda á framhaldsskóla. Spurt var hvort að val vina hefði áhrif og hvort að nemendur Borgarholtsskóla væru ánægðir með val sitt. Einnig var leitast við að draga reynslu framhaldsskólanema fram, hvort að það væri eitthvað sem grunnskólanemendur þyrftu að vita þegar þeir veldu sér skóla.

Almennt voru nemendur sammála um að vinir, námsbrautir, félagslíf og nálægð við heimili væru þeir þættir sem hefðu mest áhrif á val þeirra á framhaldsskóla. Þá þótti þeim val vina skipta einhverju máli, en almennt sneru kvíðaefni af því að hafa ekki félag í skólanum. Nemendur töluðu um að þeir hefðu viljað vita um reglur og viðmið skóla til undirbúnings, einnig hvernig kennara skólanna væru.

### 7.2.3 Praktísk mál

Undir liðnum praktísk mál var hugmyndin að hvetja nemendur til þess að deila þekkingu sinni og reynslu hvað varðar mætingu, leyfi, útlandaferðir og hvernig tekið væri á einelti innan skólans.

Nemendur voru meðvitaðir um að mæting skiptir máli, en fannst munur á kennurum og áföngum hvað mætinguna varðar. Þau þekktu vel til leyfisreglna og gátu miðlað þeim upplýsingum. Hvað einelti varðaði töluðu þau um að það þekkist allsstaðar, en þó að þeim þætti meira um það í grunnskóla en í framhaldsskólanum.

### 7.2.4 Ígrundun

Ígrundunarþátturinn fólst í því að nemendur skoðuðu upplifun sýna af deginum. Hvað þeim þótti gagnlegt og gaman, hvort eitthvað hefði verið kvíðavaldandi eða tilhlökkunarefni.

Nemendum fannst almennt gagnlegt og áhugavert að koma í „raunverulega kennslu“, fannst þau fá innsýn í starf framhaldsskólans og upplifa virkni hans. Þau voru áberandi lítið stressuð eða kvíðinn; aðallega sneri kvíðinn að því að vera „ein/n í tíma“. Tilhlökkunarefni sneru að því frelsi sem felst í því að vera í framhaldsskóla.

## 8 NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS

---

Helstu niðurstöður verkefnisins er að opna þurfi samskiptaleiðir milli þess starfsfólks – kennara og annarra starfsmanna – sem sinnir nemendum á því viðkvæma tímabili lífs þeirra þegar yfirfærsla á milli skólastiga á sér stað. Kallast það á við eitt helsta markmið verkefnisins, að auka skilning kennara og annarra starfsmanna á þeirri starfsemi sem fram fer á aðliggjandi skólastigi. Það markmið er þess eðlis að því verður aldrei náð að fullu. Það má hins vegar gera ýmislegt til þess að auka samskipti nemenda og kennara í efstu bekkjum

framhaldsskóla við kollega þeirra í framhaldsskólum. Framhaldsskólahermirinn sem um getur hér að framan er kjörinn vettvangur fyrir slík samskipti enda stuðlar hann að því að starfsfólk beggja skólastiga setjist niður og ræði þau málefni sem hér eru til umræðu, þ.e. yfirfærslu nemenda milli skólastiganna, stöðu þeirra við lok grunnskóla og móttöku þeirra við komuna í framhaldsskóla.

Niðurstaða könnunar á meðal nemenda skólastiganna bendir til þess að hugmyndir þeirra um yfirfærsluna séu ekki á rökum reistar. Til dæmis kom það ríflega 37% framhaldsskólanemanna á óvart hve mætingarreglur framhaldsskólans eru strangar en einungis 10% grunnskólanemanna töldu að mætingarreglur væru eitthvað sem myndi breytast við yfirfærsluna. Tæp 25% grunnskólanema töldu að magn heimanáms myndi breytast en einungis rúm 7% framhaldsskólanema nefndu það sem breytingu sem hafði komið á óvart. Standa vonir til þess að framhaldsskólahermirinn geti jafnað þessa mynd nokkuð þannig að grunnskólanemendur verði betur upplýstir um þann veruleika sem blasir við þeim í byrjun framhaldsskólagöngunnar.

Að framansögðu má ráða að þau markmið sem sett voru þegar verkefninu var hleypt af stokkunum hafi ekki náðst þó færa megi gild rök fyrir því að nokkuð hafi þokast í rétta átt. Kennarar og starfsfólk tók því fagnandi að fá tækifæri til að ræða við kollega sína á næsta skólastigi og talaði fólk um að slíkt samtal væri mjög gagnlegt og löngu tímabært.

Hvað önnur markmið áhrærir er staðan óljósari. Yfirfærsla milli skólastiga (og það hversu auðveld hún er) er í sjálfu sér einstaklingsbundið fyrirbæri og niðurstaða um það hvort verkefnið hafi auðveldað hana efni í sjálfstæða rannsókn. Hins vegar má leiða að því líkum að áframhaldandi samtal og samvinna milli starfsfólks skólastiganna muni leiða til þess að fleiri einstaklingar – nemendur – muni eiga auðveldara með þessa yfirfærslu. Í beinu framhaldi af því má líklega leiða að því líkum að til lengri tíma komi aukin samskipti nemenda og starfsfólks til með að draga úr brottfalli og efla jákvæð viðhorf og gagnkvæma virðingu. Sú er í það minnsta trú þeirra sem stóðu að framkvæmd verkefnisins.

## 9 ÁÆTLUN UM KYNNINGU Á AFRAKSTRI VERKEFNISINS OG HELSTU NIÐURSTÖÐUM

Afrakstur verkefnisins hefur þegar verið kynntur fyrir kennurum og öðrum starfsmönnum beggja þátttökuskóla. Verkefnið hefur einnig verið kynnt fyrir þeim nemendum skólanna sem beinan þátt tóku í verkefninu. Líkur eru á að kynning á verkefninu verði í formi áframhaldandi tilrauna með framhaldsskólaherminn. Er fullur vilji til þess að halda áfram þróun hans og í framtíðinni að bjóða nemendum annarra grunnskóla að taka þátt.



Anton Már Gylfason  
Verkefnisstjóri



Ingi Bogi Bogason  
Skólameistari Borgarholtsskóla

# 10 FYLGISKJÖL

---

## SPURNINGALISTI VEGNA NÁMSMATS Á MÖRKUM SKÓLASTIGA

### Grunnskóli

1. Kyn
  - a. stelpa
  - b. strákur
2. Á hvaða braut stefnir þú í framhaldsskóla?
  - a. Listnám
  - b. Grunndeild mállms/bíla
  - c. Félagsfræðabraut
  - d. Náttúrufræðibraut
  - e. Viðskipta- og hagfræðibraut
  - f. Framhaldsskólabraut
3. Ég vil helst vera í...
  - a. ...bekkjarkerfi
  - b. ...áfangakerfi
4. Í hvaða framhaldsskóla vilt þú helst fara?
5. Hvað finnst þér líklegt að breytist mest þegar þú ferð í framhaldsskóla? (Veldu þrjú atriði?)
  - a. meira heimanám
  - b. strangari reglur um mætingu
  - c. viðmót og framkoma kennara
  - d. ábyrgð mín á náminu
  - e. félagslífið
  - f. vinahópurinn
  - g. fjöldi námsgreina
  - h. fjöldi prófa
  - i. annað
6. Hvaða tilfinningar bærast innra með þér þegar þú hugsar um að fara í framhaldsskóla?
  - a. tilhlökkun
  - b. ánægja
  - c. spennna
  - d. gleði
  - e. leiði
  - f. söknuður
  - g. kvíði
7. Hvað af eftirfarandi á best við um þig? (Merktu við einn möguleika)

- a. Ég stend mig vel í námi og hef áhuga á því sem ég er að læra.
  - b. Ég stend mig vel í námi en hef ekki mikinn áhuga á því sem ég er að læra.
  - c. Ég stend mig sæmilega í námi en hef mikinn áhuga á því sem ég er að læra.
  - d. Ég stend mig sæmilega í námi og hef frekar lítinn áhuga á því sem ég er að læra.
  - e. Ég stend mig ekki vel í námi og hef engan áhuga á því sem ég er að læra.
8. Hvað af eftirfarandi á best við um þig? (Merktu við einn möguleika)
- a. Mér líður vel í skólanum og hlakka til þess að mæta.
  - b. Mér líður nokkuð vel í skólanum en er ekki alltaf spennt(ur) fyrir að mæta.
  - c. Mér líður þökkalega í skólanum.
  - d. Mér líður ekki vel í skólanum og myndi helst vilja hætta.
9. Hvað af eftirfarandi á best við um þig? (Merktu við einn möguleika)
- a. Ég á marga vini í skólanum og finnst ég vera velkomin(n) þar.
  - b. Ég á nokkra vini í skólanum og mér finnst ég oftast vera velkomin(n) þar.
  - c. Ég á fáa eða engan vin í skólanum og finnst ég ekki vera velkomin(n) þar.



## Framhaldsskóli

1. Kyn
  - a. stelpa
  - b. strákur
  
2. Braut
  - a. Listnám
  - b. Grunndeild málms/bíla
  - c. Félagsfræðibraut
  - d. Náttúrufræðibraut
  - e. Viðskipta- og hagfræðibraut
  - f. Framhaldsskólabraut
  
3. Hvað kom þér mest á óvart þegar þú hófst nám í framhaldsskóla?
  - a. meira heimanám
  - b. strangari reglur um mætingu
  - c. viðmót og framkoma kennara
  - d. ábyrgð mín á náminu
  - e. félagslífið
  - f. vinahópurinn
  - g. fjöldi námsgreina
  - h. fjöldi prófa
  - i. annað
  
4. Hvaða orð lýsir best þeirri tilfinningu sem þú fannst við að koma í framhaldsskóla?
  - a. tilhlökkun
  - b. ánægja
  - c. spennna
  - d. gleði
  - e. leiði
  - f. söknuður
  - g. kvíði
  
5. Hvað af eftirfarandi á best við um þig? (Merktu við einn möguleika)
  - a. Ég stend mig vel í námi og hef áhuga á því sem ég er að læra.
  - b. Ég stend mig vel í námi en hef ekki mikinn áhuga á því sem ég er að læra.
  - c. Ég stend mig sæmilega í námi en hef mikinn áhuga á því sem ég er að læra.
  - d. Ég stend mig sæmilega í námi og hef frekar lítinn áhuga á því sem ég er að læra.
  - e. Ég stend mig ekki vel í námi og hef engan áhuga á því sem ég er að læra.
  
6. Hvað af eftirfarandi á best við um þig? (Merktu við einn möguleika)
  - a. Mér líður vel í skólanum og hlakka til þess að mæta.
  - b. Mér líður nokkuð vel í skólanum en er ekki alltaf spenn(ur) fyrir að mæta.
  - c. Mér líður þokkalega í skólanum.
  - d. Mér líður ekki vel í skólanum og myndi helst vilja hætta.
  
7. Hvað af eftirfarandi á best við um þig? (Merktu við einn möguleika)

- a. Ég á marga vini í skólanum og finnst ég vera velkomin(n) þar.
  - b. Ég á nokkra vini í skólanum og mér finnst ég oftast vera velkomin(n) þar.
  - c. Ég á fáa eða engan vin í skólanum og finnst ég ekki vera velkomin(n) þar.
8. Finnst þér að þú hafir valið rétta námsbraut?
- a. Já
  - b. Nei
9. Mér fannst kynningin sem ég fékk á framhaldsskólum í 10. bekk...
- a. ...mjög góð
  - b. ...góð
  - c. ...sæmileg
  - d. ...slæm